



Verðlaun Fulltrúar verðlaunahafa og Reykjavíkurborgar við Höfða.

Mannréttindaverðlaun til Pepp Ísland

Liðsauki fékk hvatningarverðlaun

Dagur. B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur afhenti í gær Ástu Þórdísi Skjalddal Guðjónsdóttur, fulltrúa Pepp Ísland, grasrótar fólks í fátækt, mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2022.

Samtökin Pepp Ísland berjast gegn fátækt og verja hagsmuni þeirra sem við hana búa.

Handhafi verðlaunanna hlýtur að launum 600 þúsund krónur en verðlaunin eru veitt árlega til einstaklinga, hópa, félagsamtaka eða

stofnana sem á eftirtektarverðan hátt hafa staðið vörð um mannréttindi.

Þá fékk Liðsauki í sjálfstæðri búsetu hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og tók Þóra Kristín Reinharðsdóttir við verðlaununum

Liðsauki í sjálfstæðri búsetu er sólarhringsþjónusta á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir ungt fólk með flóknar þjónustuþarfir.

Björgun kaupir nýtt sanddæluskip á Spáni

● Vegagerðin kynnir útboð þar sem gerðar eru auknar kröfur

Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is

Björgun hf. hefur fest kaup á nýju sanddæluskipi og er afkastageta þess mun meiri en skipsins Dísu, sem m.a. hefur annast dýpkun í Landeyjahöfn síðustu ár. Ráðgert er að nýja skipið haldi af stað frá Cadiz á Spáni til Íslands síðari hluta vikunnar. Það ber nafnið Gigante og var smíðað á Spáni árið 2011.

Eysteinn Dofrasón, framkvæmdastjóri hjá Björgun, segir að afkastageta nýja skipsins sé 15-20 þúsund rúmmetrar á sólarhring við kjöraðstæður. Auk afkastagetu sé munurinn á skipunum meðal annars fölginn í því að nýja skipið sleppi efni í gegnum botnlöka. Um borð í Dísu þurfi að dæla efni útbýrðis, sem sé seinlegra ferli.

Vegagerðin birti í síðust viku forauglýsingu vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn 2022 til 2025. Þar kemur m.a. fram að bjóðandi skal leggja til dýpkunarskip sem uppfyllir m.a. skilyrði um minnst 15 þúsund rúmmetra hámarksafkastagetu á dag. Dýpkunarskipið þarf að geta dýpkað í hafnarmynninu á litlu



Gigante Ráðgert er að skipið haldi frá Spáni til Íslands í lok vikunnar.

dýpi í ölduhæð undir 1,7 m. Stjórnhæfni skips skal vera mjög góð og þarf að gera ráð fyrir að nýta stutta veðurglugga yfir vetrartímenn til dýpkunar í hafnarmynninu. Útboðið verður auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og verða útboðsgögn aðgengileg frá 27. maí.

Eysteinn segir ekki liggja fyrir hvort Dísu verði seld eða fari í brotajárn. Hún var upphaflega smíðuð í Álaborg 1968, en keypt hingað til lands 2011 og voru verkefni m.a. í Landeyjahöfn. Fram kom í Morgunblaðinu í vetur að

Dísu getur dælt 3-5.000 rúmmetrum á sólarhring við bestu aðstæður. Árin 2015-2018 var skipið Galilei 2000 notað í Landeyjahöfn á vegum Jan De Nul, belgísku fyrirtækis sem starfar víða um heim. Það skip gat afkastað um tólf þúsund tonn á dag við kjöraðstæður.

Eysteinn segir að verkefnastaða Björgunar sé góð, nefnir meðal annars dælingu á 500 þúsund rúmmetrum á Ísafirði og regluleg verkefni fyrir Kalkþörungafélagið í Arnarfirði.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. maí 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2022 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. maí 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. maí 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Kristófer

Eftirleikurinn Katrín Atladóttir og Pawel Bartoszek mættu í Dagmálasettid og ræddu um stöðuna sem uppi er í kjölfar kosninganna á laugardaginn.

Segir að Viðreisn njóti samflotsins

● Reynsluleysi gæti háð Framsókn

DAGMÁL
Andrés Magnússon
Stefán E. Stefánsson

Viðreisn kaus að efna til viðræðubandalags með Samfylkingu og Pírötum að afloknum kosningum til borgarstjórnar til þess að minnka líkunarn á því að flokkurinn yrði jaðarsettur í meirihlutaviðræðum sem nú eru í farvatninu. Þetta má lesa úr orðum Pawels Bartoszeks, fráfaraandi borgarfulltrúa, en flokkur hans, Viðreisn náði ekki að tryggja stöðu sína með tvo borgarfulltrúa í kosningunum.

„Ef talingin hefur ekki klikkað hjá mér þá erum við bara með einn borgarfulltrúa og það er talsvert auðveldara að hundska okkur ef við stöndum ein heldur en ef við stöndum með öðrum,“ segir Pawel í samtali í Dagmálum en hann er gestur þáttarins ásamt Katrínu Atladóttur sem senn hverfur af vettvangi borgarstjórnar. Hún ákvað að gefa ekki kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar nú í vor. Pawel segir að hann hafi að loknum kosningum lesið kosningastefnuskrá Framsóknarflokksins og að það hafi ekki tekið langan

tíma. Þar komi hins vegar í ljós að ekki beri mikið í milli hjá þeim flokkum sem misstu meirihluta sinn í kosningunum á laugardag og sigurvegurinum í Framsókn.

Katrín segir að Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins, hafi farið fram undir slagorðum um breytingar. Hann muni illa geta staðið við slíkt loforð, ákveði hann að falla í faðm Dags B. Eggertssonar, ekki síst í ljósi þess að oddvitinn sjálfur, auk þeirra þriggja frambjóðenda sem náðu kjöri á lista með honum sé óreynnt fólk á vettvangi borgarstjórnar.

Katrín er nú komin að nýju í tæknigeirann, þaðan sem hún kom inn í pólitíkina. Hún er sáttt við tímenn í borgarstjórn en viðurkennir að henni hafi ekki orðið um sel á fyrsta fundi á þessum vettvangi.

„Ég hugsaði. Ég er búin að eyðileggja líf mitt.“ Annað hafi þó komið á daginn.

